Kópavogur

Til skipulags- og umhverfisráðs

Kópavogi, 13. nóvember 2026
26111367/adk

Efni: Beiðni um heimild til að hefja vinnu við gerð deiliskipulags fyrir hluta Kársnesbrautar, hluta Nýbýlavegar og opið svæði austan Sæbólshverfis.

Óskað er heimildar skipulags- og umhverfisráðs til að hefja vinnu við deiliskipulag fyrir göngu- og hjólabrú fyrir stofnleið hjólreiða yfir Nýbýlaveg neðan Ásbrautar. Markmið með deiliskipulaginu er að tengja saman göngu- og hjólaleið á Ásbraut við göngu- og hjólaleið í Fossvogi austan Sæbólsbrautar. Einnig er lagt til að skipulagssvæðið nái til Kársnesbrautar að gatnamótum að mörkum deiliskipulags Vesturvarar og opins svæðis austan Sæbólshverfis.



Umrætt svæði er ódeiliskipulagt í dag. Svæðið afmarkast af gildandi deiliskipulagi Hafnarfjarðarvegar, Skeljabrekku og Nýbýlavegar til austurs. Gildandi deiliskipulags göturýmis Vesturvarar til vesturs, lóðarmarka við Ásbraut 3-5, Kársnesbrautar 1-51A til suðurs, lóðarmarka við Marbakkabraut 1-17, lóðarmarka Huldubrautar 3-33 til norðurs auk opins svæði milli Hafnarfjarðarvegar og Sæbólshverfis.

Megin markmið með deiliskipulaginu er að tryggja örugga leið fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur á einum af megin stofnstígum höfuðborgarsvæðisins sem liggur yfir umferðarþungan Nýbýlaveg. Koma fyrir tvístefnu hjólastíg á norðanverða Kársnesbraut sem tengir tvo megin stofnstíga saman. Það er stofnstígur um Fossvogsbrú og stofnstígur um Kópavogsháls. Bæta aðgengi að stofnstígakerfi fyrir austanvert Kársnes. Bæta ásýnd og öryggi Kársnesbrautar þar sem hraðakstur hefur verið viðvarandi vandamál og aðgerðir til að stemma stigu við slíku hafa ekki borið þann árangur sem ætlast var til.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

Kópavogur

Virðingarfyllst,

Auður D. Kristinsdóttir
skipulagsfulltrúi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11 2026